

Fundur Sundráðs ÍRB og fulltrúa SSÍ vegna Bikarkeppni SSÍ

Fundur nr. 6

4. maí 2010 hjá DMM lausnum kl. 18:00

Mættir: Júlíus, Hjördís, Hrannar, Sigurbjörg, Falur, Elsie, Guðmundur, Sigurbór, Lúðvík og frá SSÍ Ólafur Baldursson og Ingigerður.

1. Samningur undirritaður

Fulltrúar SK, SN, ÍRB og SSÍ skrifuðu undir samning þar sem ÍRB tekur að sér að halda Bikarkeppni SSÍ 28. – 29. maí 2010.

2. Farið yfir dagskrá mótsins

Tveir hlutar verða keyrðir á föstudeginum og 4 hlutar á laugardeginum. Sex lið eru skráð í 1. deild og fjögur í 2. deild.

Upphitun hefst kl. 15:30 á föstudeginum og mót kl. 16:30.

Tæknifundur verður kl. 15:00.

Upphitun hefst kl. 7:00 á laugardeginum og mót kl. 8:00.

3. Matur og gisting

ÍRB sér um að útvega mat og gistingu sem verður í Holtaskóla. Heildarverð fyrir gistingu eina nótt, morgunmat, veglegan hádegismat og kvöldmat verður kr. 4.500. Stök verð eru: kvöldmatur kr. 1.600, hádegismatur kr. 1.800, morgunmatur kr. 800 og gisting kr. 1.000. Félög tilkynni sig og greiði fyrir gistingu og mat í síðasta lagi 17. maí. SSÍ sendir annað bréf til félaga með ítarlegri upplýsingum föstudaginn 7. maí. ÍRB sendir Ingigerði upplýsingar um reikninsnúmer og matseðil fyrir þann tíma.

4. Stafsmenn mótsins

Farið yfir skjalið um starfsmenn mótsins. Ingigerður mun halda utan um starfsmenn mótsins. Mótstjórar verða Guðmundur Jón Bjarnason og Ólafur Baldursson. Þulir verða Hjördís frá ÍRB og Ingibjörg frá Fjölni. Tæknistjóri verður Sigurbjörg Róbertsdóttir. Ákveðið að hittast á fimmtudagskvöldi til að undirbúa það sem hægt er þá og ljúka svo undirbúningi frá kl. 13:00 á föstudeginum.

5. Dómaranámskeið

Rætt um dómaranámskeið sem haldið verður 10. maí í Reykjanesbæ.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:15.

Fundarritari: Sigurbjörg Róbertsdóttir